

**Nd.**

**815. Lög**

um innlánsvöxtu.

(Afgreidd frá Nd. 26. maí).

**1. gr.**

Bankar, sparisjóðir eða aðrar stofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi eða til að taka á móti innlánsfé til ávöxtunar, mega ekki greiða hærri vöxtu

af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða fé í venjulegum viðskiptabókum stofnunarinnar, á innlánskírteinum, hlaupareikningi eða til ávöxtunar á annan sérstakan hátt.

2. gr.

Nú hefir peningastofnun tekið fé til ávöxtunar á innlánskírteini eða á annan hátt með sérstökum samningi, áður en lög þessi öðlast gildi, með hærri vöxtum en lög þessi leyfa, og skulu þeir þá standa óhaggaðir til næsta gjalddaga, þó eigi lengur en sex mánuði frá því að lög þessi öðluðust gildi.

3. gr.

Lög þessi ná ekki til Söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100—5000 kr. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933 og gilda til ársloka 1934.